

Nd.

108. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afnám forðagæslulaga frá 10. nóv. 1913.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild skipaði til að ihuga ofangreint frumvarp, leyfir sjer að láta uppi álit sitt á þessa leið:

Flestir nefndarmenn eru á þeirri skoðun, að í raun og veru gæti það ekki orðið til neins tjóns eða бага fyrir landbúnað vörn, þótt forðagæslulögin væru numin úr gildi. Því að þeir hafa eigi neina trú á því, að þau geti komið í veg fyrir fjenaðarfelli í aftaka hörðum árum, einkanlega þar sem þó nokkuð víða um land mun vera mótspyrna á móti lögunum, og hætt við, þegar svo stendur á, að þeim verði slælega beitt.

Enda er það skoðun flestra í nefndinni, eftir þeirri þekkingu, sem þeir hafa á þessum efnum, að hugsunarháttur almennings hafi á síðari áratugum, tekið svo miklum stakkaskiftum, að nú sjeu fáir, sem ekki leggja alla stund á að hafa nóga björg fyrir skepnur sínar í öllum vanalegum vetrum. Nú orðið eru allir þolanlega skynsamir búmenn farnir að sjá, að það er beinlínis stór hagnaður að eiga færri skepnur, sem eru viss og afnotamikil eign, hvernig sem alt veltist, heldur en að hafa fjölda fjenaðar, sem allur getur verið í voða, hvenær sem eitthvað bjátar á með vetrarfar eða vortíðina, auk þess sem velvild og umhyggja fyrir dýrunum hefir glæðst afarmikið á síðari tímum.

Þegar þessa alls er gætt, þá eru flestir nefndarmenn ekki í neinum vafa um, að kvikfjárrækt vorri mundi ekki standa neinn háski af því, þótt lög þau er hjer um ræðir væru feld úr gildi.

En þar sem nefndinni er einnig kunnugt um, að margir líta svo á að isjárvert sje að afnema forðagæslulögin, nema þá að einhver lög um búpen-

ingsskoðanir komi í staðinn, því jafnvel þótt ýmsir sjeu á móti forðagæslulög-
unum eins og þau eru úr garði gerð, bæði vegna hinnar miklu skriffinksu
sem krafist er, svo þeim sje fullnægt o, fl., þá mun þó sú skoðun nokkuð
viða, að það geti verið stuðningur í því fyrir bændur, og leiðbeining, að bú-
penings- og heyjaskoðun fari fram einu sinni á vetri eða svo. Þó vill nefndin
ekki leggja til að frumvarpinu sje haldið fram, heldur sje stjórninni falið að
leita álits allra hreppsnefnda í landinu um forðagæslumálið, milli þinga.

Mál þetta gripur svo mikið inn á svið bænda og búenda, að best er
og eðlilegast, að löggið um þessi efni sje sem mest byggð á tillögum frá bænd-
um sjálfum. Þeir hljóta að hafa töluverða reynslu við að styðjast, og hafa nú
vanist ýmskonar lögum um þessi mál, og væntir nefndin þess, að á þann hátt
kunni að fást ýmsar nýjar bendingar, sem gætu verið nokkurs virði til að
byggja lagasetningu á.

Samkvæmt þessu, sem hjer er sagt, leyfir nefndin sjer að koma með svofelda

TINGSÁLYKTUNARTILLÖGU:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita álits og umsagnar allra hreppsnefnda um forðagæslumálið, og þá
einkum um það:
 - a, hvort þær telji lög í þeim efnum miða til verulegrar nytsemi eða ekki.
 - b, hvort þær telji heppilegra — ef lög um þessi mál þykja á annað borð
æskileg — almenn lög eins eða svipuð þeim, sem nú eru í gildi, eða
að eins heimildarlög í líkingu við tillögur þær, sem fram hafa komið,
bæði frá Torfa sál. Bjarnasyni og fleirum.
2. Að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi — ef breytinga er al-
ment óskað — lagafrumvarp, í sem fylstu samræmi við þær álitsgjörðir og
óskir, er komið hafa fram.

Alþingi 26. júlí 1915.

Eggert Pálsson,
formaður.

Þorleifur Jónsson,
skrifari.

Jóhann Eyjólfsson,
með fyrirvara.

Sigurður Gunnarsson.

G. Eggerz.